

## Fundargerð

### 162. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

mánudaginn 19. desember 2011 kl. 12<sup>00</sup>–14<sup>00</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGP), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Bryndís Skúladóttir (BS)  
Ögmundur Einarsson (ÖE) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.  
Ólafur Reynir Guðmundsson (ÓRG)  
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) (fjarverandi)  
Halldór Haraldsson (HH)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Samningur við stýrinefnd
- (3) Ráðstöfun spilliefna - hækkun
- (4) Rafhlöður og rafgeymar
- (5) Kynningarmál
- (6) Heyrúlluplast
- (7) Rekstur fyrstu 11 mánuði 2011
- (8) Önnur mál

#### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (161. fundar). Engar athugasemdir frá fundarmönnum við fundargerðina.

#### 2. Samningur við stýrinefnd

Lagt var fram á fundinum uppkast að þjónustusamningi á milli ÚS og SN dagsettum 15.12.2011. ÓK fór yfir helstu atriði Stjórn ræddi við hvaða tímabil eigi að miða markaðshlutdeild skilakerfa m.t.t. vinnu ÚS við uppgjör á meðhöndlun rr-úrangs.

*Ákveðið að ÓRG og ÓK færu yfir uppkastið og bætti við þeim athugasemdum er fram komu á orðalagi.*

ÓRG yfirgaf fund kl. 12:55

*Stjórn samþykkir uppkast að samningi á milli ÚS og SN með áorðnum breytingum. Eftir yfirferð ÓRG og ÓK er ÓK falið að staðfesta samninginn fyrir hönd ÚS og GGP fyrir hönd SN.*

ÓK upplýsti fundarmenn að Fjársýsla ríkisins og ÚS hafi sameiginlegan skilning á færslu bókhalds fyrir vinnu vegna SN og aðrar bókhaldsfærslur er varða SN. Fjársýsla ríkisins hefur sent sínar tillögur að færslu bókhaldsins til umhverfisráðuneytisins til staðfestingar.

#### 3. Ráðstöfun spilliefna – hækkun

Lagt var fram á fundinum minnisblað vegna hækkana á gjaldskrá Kölku sorpeyðingarstöðvar við endurnýtingu og förgunar á spilliefnum. Um verulega hækkun er að ræða sem taka á gildi þann 1.

janúar 2012. Stjórn ræddi aðrar möguleigar leiðir við endurnýtingu og förgun spilliefna. Þar kemur til greina að senda spilliefnaúrgang til Húsavíkur eða til útlanda.

*Stjórn ÚS samþykkir að ÚS kanni hvernig meðhöndlun á spilliefnum fer fram hjá þjónustu- og ráðstöfunaraðilum sjóðsins. Kalli skuli til þriðja aðila til aðstoða við úttektina.*

#### **4. Rafhlöður og rafgeymar**

ÓK fór yfir álagningu á rafhlöður sem fylgja tækjum sem og breytta efnisnotkun rafgeyma í bílum er ganga bæði fyrir rafmagni og jarðefnaeldsneyti. Sagði hann frá væntanlegum fundi með starfsmönnum Tollstjóra og ÚS um leiðir til að leggja á slíkar rafhlöður í innflutningi. ÓK yfirgaf fund kl. 13:30. Lagt var fram á fundinum minnisblað vegna birtingarkostnaðar á auglýsingum til að auka skil á ónýtum rafhlöðum. Umræðu frestað.

#### **5. Kynningarmál**

GGs fór yfir minnisblað er lagt var fram á fundinum undir yfirskriftinni „markaðsstyrkur“. Fór hann yfir helstu atriði er varða kostnað ÚS við slíka markaðsstyrki.

#### **6. Heyrúlluplast**

Frestað.

#### **7. Rekstur fyrstu 11 mánuði 2011**

Lagt fram rekstarayfirlit vörflokka fyrir fyrstu 11. mánuði ársins.

#### **8. Önnur mál**

ÓK falið senda stjórnarmönnum fundardaga frá 1. janúar til 1. júlí 2012. Næsti fundur ákveðinn 10. janúar 2012.

Fundi slitið kl 14:00

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs.